

3. desember 2018

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu að aðgerðaáætlun í plastmálefnum

Með vísan í tilkynningu í Samráðsgátt stjórnarráðsins, frá 1. nóvember síðastlinum, þar sem óskað var eftir umsögnum um tillögu að aðgerðaáætlun í plastmálefnum, þá veitir Samorka hér umsögn sína.

Megintilgangur Samráðsvettvangs um aðgerðaáætlun í plastmálefnum var að koma með tillögur um:

- „hvernig dregið yrði úr notkun plasts hér á landi
- hvernig bæta mætti endurvinnslu þess
- hvernig takast mætti á við plasmengun í hafi.“

Samorka fagnar því að verið sé að vinna að þessu mikilvæga máli. Hins vegar er það mat Samorku að ákveðnar aðgerðir séu ekki nægilega vel undirbyggðar og útfærðar og þurfi að endurskoða í heild sinni, ef að þær eiga að skila tilætluðum árangri.

Samorka minnir sérstaklega á mikilvægi þess fyrir stjórnvöld að vinna tillögur sem þessar í samráði við alla helstu hagsmunaaðila sem málinu tengjast. Við gerð aðgerðaáætlunarinnar var ekkert samráð haft við Samorku, samtök fráveitna á Íslandi, þrátt fyrir að í þeim felist mögulega grundvallarbreytingar á starfsumhverfi fráveitna. Samorka ítrekar vilja sinn til að starfa með stjórnvöldum að málefnum fráveitna, í þeim tilgangi að ná fram sem mestum árangri fyrir umhverfið og samfélagið allt.

Þær aðgerðir sem boðaðar eru og snerta fráveitur sveitarfélaga, fela mögulega í sér milljarða kostnað. Sá kostnaður mun á endanum lenda á heimilum og atvinnulífinu og því er mikilvægt að tryggja að sú leið sem er boðuð í aðgerðaáætluninni sé hagkvæmasta leiðin til að ná þeim árangri sem stefnt er að. Slíkt liggur ekki fyrir á þessu stigi málsins.

Hér á eftir fylgja athugasemdir Samorku um einstaka aðgerðir.

Aðgerð 3: Rannsókn- og þróunarsjóður fyrir plast

Samorka fagnar aðgerð 3 og hvetur til þess að stjórnvöld leggi metnað í að tryggja fjármagn fyrir sjóðinn. Það er mat samtakanna að tilgang sjóðsins mætti skilgreina víðar, til þess að ná utan um allar þær aðgerðir sem árangri geta skilað í plastmálum. Þannig mætti t.d sjá fyrir sér að sjóðurinn ætti að geta styrkt rannsóknarverkefni tengd örplasti í fráveitum, en til þess þyrfti sennilega að skilgreina tilgang hans á víðari hátt.

Aðgerð 8: Plastaðgerðaráætlun fyrir landbúnað, iðnað, sjávarútveg og ferðapjónustu

Hér er um að ræða mikilvæga aðgerð og er það mat samtakanna að til þess að aðgerðaáætlunin nái tilætluðum árangri, þá þurfi gott samstarf við atvinnulífið. Í aðgerðaáætlunni er fjallað um örplast í nokkrum aðgerðum og vill Samorka benda á að horfa þurfi á það í samhengi við aðgerð þessa. Meginregla úrgangsstjórnunar er að best sé að eiga við úrganginn sem næst upprunum, og á það sérstaklega vel við örplast. Því er ákaflega mikilvægt að horfa til losunar örplasts frá atvinnurekstri, rannsaka þá losun og gera áætlun um hvernig sé best að eiga við hana.

Aðgerð 11: Matseðill grænna lausna – miðlæg upplýsingagjöf og ráðgjöf

Á sama hátt og fjallað er um að ofan um aðgerð 8, þá er hér mikilvægt að horfa til örplastsins. Með bættu vali á vörum og ýmsum tækjabúnaði er hægt að ná miklum árangri í minnkun losunar örplasts. Þannig er mikilvægt að sú upplýsingagjöf og ráðgjöf sem boðuð er í aðgerðinni, taki tillit til þess.

Aðgerð 13: Heildstætt vöktunarkerfi plasts í hafi

Samorka fagnar því sérstaklega að samhæfa eigi vöktunaraðgerðir opinberra aðila á plastmengun í hafi. Þar er sérlega mikilvægt að horfa til örplasts, en að mati samtakanna er langt í land með að nægilega mikið sé vitað um hversu mikið af örplasti er að fara í hafið, hvernig dreifist það og hvaða áhrif er það að hafa. Slík vitneskja er grundvöllur þess að hægt sé að taka ákvörðun um aðgerði sem leiða til raunverulega úrbóta.

Aðgerð 14: Bætt skólphreinsun

Þó að Samorka sé sammála markmiðum aðgerðarinnar og sé tilbúinn til að vinna með stjórnvöldum að þeim, þá er það mat samtakanna að útfæra þurfi aðgerðina betur.

- Samorka bendir á þá meginreglu úrgangsstjórnunar að best sé að eiga við úrganginn sem næst upprunum. Þær rannsóknir og skoðanir sem gerðar hafa verið á norðurlöndunum á uppruna og farvegi örplasts, benda til þess að miklum árangri megi ná með því að eiga við örplastið sem næst uppruna þess. Þetta á t.d við um það örplast frá heimilum sem berst í gegnum þvottavélar, en þar mætti ná miklum árangri með auknum kröfum um síubúnað í þvottavélum. Annað dæmi er örplast sem berst frá atvinnustarfsemi sem felur í sér mikla vinnslu og notkun á plasti, þar mætti ná miklum árangri með því að gera kröfur um viðeigandi hreinsibúnað. Í þessu samhengi bendir Samorka sérstaklega á umfjöllun um örplast á Norrænu fráveituráðstefnunni 2017, þar sem örplast var eitt meginþema ráðstefnunnar.
- Í aðgerðinni er vitnað í norræna rannsókn frá 2016, þar sem fram kom að töluvert af örplasti fari í hafið á Íslandi m.v hreinsistöðvar frárennslis í Noregi og Finnlandi. Að mati Samorku er sú rannsókn alls ekki nægjanleg til að draga þá ályktun að besta lausnin til að draga úr örplastsmengun sé að eiga við hana við útrás fráveitunnar. Það þarf að rannsaka mun betur og ítarlegar hvaðan örplastið er að koma, hversu mikið af því er að fara í fráveituna og að hve miklu leyti aukin meðhöndlun skólpsins mun minnka örplastsmengunina.
- Ef að ákveðið verður að leysa eigi örplastsmengunina í hreinsistöðvum fráveitna, þá þarf að horfa sérstaklega til þess í hvaða farveg örplastið (og annað hrat sem er hreinsað úr skólpinu) fer. Eins og staðan er í dag er ekki nægilega tryggt að örplastið myndi ekki fara í annan farveg og skila sér að út í náttúruna.

- Um kostnað kemur eftirfarandi fram í aðgerðinni: „þarf að kostnaðarmeta sérstaklega, m.a. vegna fjárhagslegra áhrifa á sveitarfélög.“ Að mati Samorku er hér mögulega um að ræða fleiri milljarða kostnað og því ekki æskilegt að setja slíka aðgerð fram áður en sá kostnaður hefur verið nákvæmlega metinn, ekki síst í því ljósi að sá kostnaður mun á endanum lenda á heimilum og atvinnulífinu. Þá þarf sérstaklega að horfa til þess hvort að sú leið sem er boðuð í aðgerðinni sé hagkvæmasta leiðin til að ná þeim árangri sem stefnt er að.
- Þá minnir Samorka mikilvægi þess að ríkið taki þátt í kostnaði við fráveituframkvæmdir, t.d með því að endurgreiða virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum. Það var einmitt þegar slíkt kerfi var við lýði hér á landi, sem það náðist gríðarlega mikill árangur við uppbyggingu fráveitukerfa sveitarfélaga.

Aðgerð 15: Nýting settjarna til að varna plastmengun

Eins og fram kom að ofan í umfjöllun um aðgerð 14, þá tekur Samorka undir markmið aðgerðarinnar, sem er að koma í veg fyrir að örplast berist með ofanvatni til sjávar. Hins vegar er það að mati samtakanna ekki tímabært að setja fram í aðgerðaáætlun að settjarnir séu eina, besta eða hagkvæmasta lausnin til að ná fram þeim markmiðum. Áður en að slíkt er gert er mikilvægt að rannsaka mun betur hversu mikið örplast er að fara með ofanvatnskerfinu til sjávar, hvaðan er það að berast og hver er besta leiðin til að eiga við það.

Þá minnir Samorka á að settjarnir eru lausn sem tekur mikið landrými og ef að notast á við þær er mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra í skipulagsvinnu sveitarfélaganna, frá upphafi þess ferlis.

Samorka leggur áherslu á það að áður en ákveðin tæknilausn er valin, liggi allar forsendur fyrir og skoðað hafi verið heildstætt hvernig sé best að leysa málið.

Aðgerð 16: Hreinlætisvörur sem innihalda örplast bannaðar

Samorka tekur undir mikilvægi þess að dregið sé úr notkun efna sem valda örplastmengun. Eins og fjallað var um að ofan þá er það mat samtakanna að ávallt sé best að eiga við mengun við uppruna hennar.

Að lokum vill Samorka þakka ráðuneytinu og Samráðsvettvangnum fyrir vinnuna í málinu og eru tilbúin til að funda með þeim til að ræða umsögnina og athugasemdir Samorku. Þá eru samtökin tilbúin til samstarfs á næstu stigum málsins.

Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Páll Erland,

framkvæmdastjóri

